

Umsögn Símans um tillögu til þingsályktunar um ráðstöfun útvarpsgjalds, þingskjal 566 – 397. mál

Síminn fagnar framkominni tillögu og telur hana mikilvægt innlegg í umræðuna um bæði umsvif Ríkisútvarpsins á samkeppnismarkaði og fjármögnun sjálfstæðra fjölmiðla. Ríkisútvarpið keppir þegar við alla fjölmiðla landsins um auglýsingatekjur og því fullkomlega eðlilegt að það skapist vísir að samkeppni um ráðstöfun útvarpsgjalds. Ríkisútvarpið hefur lítið að óttast í þessum málum ef trúa má þeirra eigin tölum um hvernig stofnunin ber höfuð og herðar yfir aðra miðla þegar kemur að trausti almennings. Stofnunin er líka þaulvön samkeppni við aðra miðla og myndi strax í upphafi njóta veglegs samkeppnisforskots.

Kjarni tillögunnar er að almenningur ráðstafi sjálfur þriðjungi gjaldsins til fjölmiðils að eigin vali. Engin rök eru færð fyrir því að takmarka ráðstöfunina við þennan þriðjung og meðan Ríkisútvarpið keppir nær óheft á auglýsingamarkaði væri eðlilegast að gera strax ráð fyrir að það hlutfall myndi hækka í þrepum og og enda með frjálsri ráðstöfun alls útvarpsgjaldsins. Síminn telur þessa leið vera mun eðlilegri til að styðja við frjálsa fjölmiðlun í landinu heldur en þá leið sem hefur nýverið farin og færir eftirlitsstofnunum og/eða stjórnmalamönnun raunverulegt ritstjórnarvald á miðlunum. Miðlunum eru settar ýmsar leikreglur og viðfangsefnum þeirra gert mishátt undir höfði eftir geðþótta löggjafans. Þannig eru sumir miðlar í náðinni þegar kemur að styrkveitingum á meðan aðrir þurfa annaðhvort að sitja óbættir hjá garði eða laga starfsemi sína að styrkveitingum sem varla styður við markmið um fjölræði og fjölbreytileika. Tillagan færir valdið til neytendans sem nú getur að hluta til stýrt hvað miðla hann telur verða að njóta útvarpsgjalds.

Tillaga Símans er að allir fjölmiðlar sem falla undir lögsögu fjölmiðlanefndar eigi að njóta jafnræðis þegar kemur að mögulegri úthlutun útvarpsgjalds eða annara styrkja. Þetta er eðlilegt sanngirnismál í ljósi þess að þegar miðill er skráður hjá fjölmiðlanefnd virkjast ýmis íþyngjandi lagaákvæði. Reglan væri einföld, ef ríkið vill hlutast til um rekstur miðilsins í gegnum fjölmiðlanefnd ætti sami miðill alltaf að njóta mögulegs ávinnings á móti.

Virðingarfyllst

Kveðja/Regards

Magnús Ragnarsson

Framkvæmdastjóri sölusviðs / VP Sales